

Hönnun og nýsköpun 5.bekkur 2023 - 2024

Kennarar: Samuel Paul van der Heijden

| 5

Lýsing

Miðað að því að efla verkvit, þekkingu á efnum og færni í notkun handverkfæra og véla. Nemendur læri að meta hvenær frágangur telst vandaður. Það er einnig markmið að efla skilning nemenda á skipulagningu, hönnunarferli og gerð áætlana. Lögð er áhersla á að efla skilning nemenda á ólíku smíðaefni, efnisvali og tengslum umhverfis og verklegra starfa. Nemendur læri rétta notkun hlífðarbúnaðar og venjist því að hugsa um vinnuvernd.

Kynning á námsgreininni og kennsluaðferðir

Nám og viðfangsefni er í grunninn einstaklingsmiðað og byggist fyrst og fremst á virkni í tímum. Sýnikennsla, ýmist fyrir allan hópinn eða einstaka nemanda.

Miðað að því að efla verkvit, þekkingu á efnum og færni í notkun handverkfæra og véla. Nemendur læri að meta hvenær frágangur telst vandaður. Það er einnig markmið að efla skilning nemenda á skipulagningu, hönnunarferli og gerð áætlana. Lögð er áhersla á að gera nemandann sjálfstæðan í verki og að hann öðlist færni í að smíða hluti með fjölbreyttum verkfærum. Nemendinn læri rétta notkun hlífðarbúnaðar og venjist því að hugsa um vinnuvernd.

Námsáætlun

Tímabil	Viðfangsefni	Hæfniviðmið
Kennt er í lotum 3svar í viku um það bil 8 vikur í senn	Nemandinn smíðar sitt blaðabox út frá eigin teikningu og skreytir. Verkfæri útsögunarsög, skerstockkur, bakkasög, vinkill, sandpappír, málning, og ef til vill brennipenni.	Valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki.
	Smíðuð og hönnuð tafla sem býjantahaldari, korktafla og símahólf eru fest á. Læri að saga í geirung, noti þvingur. Verkfæri: útsögunarsög, bakkasög, haki, skerstockkur, klemma, þvinga/-ur,	Þróað eigin hugmynd og notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingu.
	Spil, læri spilið og noti tifsög í fyrsta skipti, önnur verkfæri síll, bor.	Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.
	Brauðbretti sem nemandinn hannar. Verkfæri tifsög og sandpappír. Brettið er pússað sérstaklega vel svo hægt sé að leggja matvæli á það og að lokum er það olíuborið.	Geri sér sérstaka grein fyrir mjög vönduðum vinnubrögðum.
	Borðtennispaði noti tifsög, rasp, þjöl og sandpappír við handfangið. Lími kork á spaðann sem skorinn er með dúkahníf.	Unnið mjög vel eftir fyrirmælum, farið eftir leiðsögn á jákvæðan hátt og unnið mjög sjálfstætt.
	Valfrjáls verkefni	

Grunnþættir menntunar

Heilbrigði og velferð: Reynt er að stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir vinnu, þjálfá einbeitingu, iðjusemi og verkfærni.

Læsi: Nemandinn læri og þjálfist í að nota orð og orðaforða sem tilheyrir greininni.

Jafnrétti: Lögð er áhersla á jákvæð samskipti og umburðarlyndi.

Lýðræði og mannréttindi: Nemandinn fær þjálfun í að útfæra sín verkefni.

Sjálfbærni: Nemandinn geri sér grein fyrir mikilvægi þess að nýta allan efnivið sem best.

Sköpun: Nemandinn fái tækifæri til að skapa og útfæra sitt verkefni.

Námsmat

Alla lotuna er símat. Í lok lotu er nemandinn metinn samkvæmt hæfniviðmiðum námskrár. Lokamat er gefið með bókstöfum (A - B+ - B - C+ - C - D).

Hlutverk og vinnulag nemandans

Samskipti nemandans við kennara og samnemendur eiga að einkennast af virðingu og tillitssemi. Nemandinn ber ábyrgð á eigin framkomu og hegðun, að hann mæti á réttum tíma í lotuna, fylgist vel með innlögnum og nýti tímann sinn vel til vinnu. Nemandinn vinnur að mestu leyti sjálfstætt en reyni að hjálpa samnemendum sínum ef því er að skipta. Hlutverk kennarans er aðstoða nemandann þannig að hann verði sjálfstæður í verki, leggi áherslu á góð vinnubrögð, góða umgengni og jákvæð samskipti.

VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

Sel - Hönnun og smíði 5. bekkur

- **Hæfni á námssviði**
- Þróað eigin hugmynd og notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingu.

Sel - Hönnun og smíði 5. bekkur - Handverk

- Valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki.

Sel - Hönnun og smíði 5. bekkur - Menningarläsi

- Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði

Sel - Hönnun og smíði 5. bekkur - Sjálfstæði og

samvinna

- Unnið mjög vel eftir fyrirmælum, farið eftir leiðsögn á jákvæðan hátt og unnið mjög sjálfstætt.